

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Norðurlandi vestra, 6. maí 2021

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Umsögn; frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál.

Stjórn fagnar umræðu og stefnumótun í málaflokknum sem frumvarpið nær yfir en bendir á að þær breytingar á meðhöndlun úrgangs sem kynntar eru í frumvarpinu munu fela í sér umtalsverðan kostnaðarauka, bæði vegna uppbyggingar innviða sem og reksturs þeirra að innleiðingu lokinni. Mikilvægt er því að breytingar þær sem frumvarpið boðar verði kostnaðarmetnar með ítarlegum hætti með tilliti til aukinna útgjalda sveitarfélaganna vegna málaflokksins. Þau auknu útgjöld munu leiða til umtalsverðs kostnaðarauka fyrir íbúa sem ekki er hægt að una við. Nauðsynlegt er því að ríkið mæti þeim kostnaðarauka sem boðaðar breytingar munu valda.

Jafnframt lýsir stjórn SSNV yfir áhyggjum yfir þeim skamma fresti sem veittur er til innleiðingar þeirra stóru breytinga sem í frumvarpinu felast.

Varðandi einstaka liði frumvarpsins er vísað til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd vegna málsins.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarisdóttir,
framkvæmdastjóri